

Nr. 18-213 S 149 Breki VE 61***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2861
IMO: 9755555
Smiðaður: Kína, 2017, stál
Útgerð: Vinnslustöðin ehf
Stærð: 1222,0 bt
Mesta lengd: 51,29 m *Skráð lengd*: 47,46 m
Breidd: 12,81 m *Dýpt*: 9,67
Vél: MAN, 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Breki © Tryggvi Sigurðsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. ágúst 2018 var Breki VE 61 á togveiðum í Grindarvíkurdýpi Veður: VNV 4 m/s.

Skipverji var að losa lás úr millilóði á skut þegar hann klemmdist á hægri handlegg milli þess og stoðar fyrir það þannig að handleggurinn frá úlnið að olnboga bólgnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að ná í upphalara á millilóðinu þegar hann klemmdist.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.